

Ekki er laust við það að sama megi segja um margt af voru fólk. Það er nú á ný að opna augu fyrir því sem er sagurt, en döngreindin enn þar lítt þroskuð. Það dregst því að glysi og glíti. Að vefsú eignum vjer málshátt sem segir: "Ekki er alt gull sem glitar", svo að ætla mætti að vjer pektum glit frá gulli. En eg segi yður satt að þessi málsháttur hefir ekki orðið til nú á síðari öldum. Hann hlýtur að vera æfagamall og allir búinir að gleyma hvað hann þýðir.

Glys og glit er ekki segurð, heldur eftirlíking lág og ljøleg. Ekki er það heldur svo til sýnis að ekki fylgi því annað er á bak við það er falið, sem bæði er ótagurt og óglæsilegt. Einkun er það þó einkenni f borgunum.

Utan af landsbygðinni streymir hingað til borgar með hverju ári fjöldi yngra fólks. Stravinur sá er óslitinn og óstöðvandi. Auga þess unga er ætisð heillað af því sem hann heldur að sjé sagurt. "Og alt er það vænt sem vel er grænt", sagði sjera Þagnar-máls Þorlákur, og þeir eru margir Þorlákarnir sem trúa því líka. Glys og glit verður vænt. Þá sem þroskaðir eru að segurðarnæmi og rískir af sjálfsvirðingu, myndi ekki saka. En sök er sjen og skeð. Og fjöldi íslenzkra hjartna hugsa nú þær hugsanir og ganga þær slöðir, er f allan stað eru óeiginlegar upplagi voru og innræti. Því innræti og upplag þjóðar vorrar hefir ávalt verið gott. Og það sem lakara er jafnvel þykjast af að hafa nú náð þessum for-smekk menningarinnar, ekki ólskt því og barnið er það hefir lært fyrsta blótsyrðið. Ef þetta ber ekki vott um menningarskort, þá er enginn vottur til um það.

Þjóðin er ekki eins mörnuð og hún hugsar og mentunarmont-íð íslenzka er að verða að hneyxli. Fegurðar hngsjónin og smekk-nemid, er af skornum skamtí, og það virðist eiga ervitt með að vaxa. En þegar það skortir, þá stoðar ekki lærðómur til, til þess að bæta fyrir þá vöntun. Enda held eg, að nokkrum undantekningum fratóldum, verði tæplega greint í sundur, ef dæma skal estir tali latbragði og framkomu, opinberlega eða heimuglega, hver er háskóla stúdentinn og hver er fjósamaðurinn. Á maður þó tæplega von á slíkri mislækkun, að persónuvirðingin skuli ekki vaxa við mentumina, og sá mentaði hafa þau áhrif á hina að hann